



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Starfsáætlun

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans – Vellíðan og virðing	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024.....	5
3 Innra mat deilda.....	9
Innra mat – Fjara.....	9
Innra mat – Tjörn	9
Innra mat – Laut.....	10
Innra mat – Mói.....	11
Innra mat – Esja.....	11
4 Umbótaáætlun fyrir allar deildir	13
5 Innra mat sérkennslu.....	14
6 Innra mat – fjöltyngd börn	16
7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	18
8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	19
9 Foreldrasamvinna.....	19
10 Skipulagsdagar	20
11 Fylgigögn	20
11.1 Fylgiskjal 1 - Leikskóladagatal.....	20
11.2 Fylgiskjal 2 - Umsögn foreldraráðs.....	20



Leiðarljós leikskólans – Velliðan og virðing

1 Greinargerð leikskólastjóra

Annað árið okkar í Ævintýraborg við Eggertsgötu hefur gengið vel þrátt fyrir fjölmargar áskoranir. Starfið í skólanum okkar hefur haldið áfram að mótast og er þróun lærdómssamfélags á góðri leið. Mikil ígrundun hefur átt sér stað í starfsmannahópnum og var mjög ánægjulegt að heyra í starfsþróunarsamtölunum hvað fólkið okkar hefur vaxið mikið og er að þróa sínar eigin starfskenningar.

Í byrjun skólaársins fengum við loks allan leikskólann afhentan, eins og margir vita þá var Ævintýraborg við Nauthólsveg fyrst hjá okkur og svo kom Grandaborg. Það var því mikil gleðistund að fá loksins allan skólann en því fylgdi þó samt sú áskorun að manna þar sem við vorum í raun að stækka. Það reyndist á brattann að sækja og náðum við ekki að taka öll þau börn sem hafði verið lofað pláss inn fyrir en í desember. Garðurinn var svo loksins að mestu tilbúinn um páskana og vinnuvélarnar á bak og burt. Börnin okkar græddu nú samt heilmikið á þessum framkvæmdum þó þær hafi líka reynt á. En þau hafa nú langflest viðamikinn orðaforða í tengslum við vinnuvélar og var ósjaldan horft löngum stundum út um gluggana á framkvæmdirnar.

Því er ekki að neita að veikindi, stytting vinnuvikunnar og námsleyfi hafa sett sinn svip á árið. Það hafa komið erfið tímabil þar sem eina úrræðið hefur verið að senda börn heim og hefur það því miður gerst reglulega. Þegar mikið álag er verður þetta að einskönar vítahring. Það verður því áframhaldandi verkefni að skoða hvernig hægt er að draga úr álagi og einnig auka velliðan á álagstímum.

Við erum komin með nokkuð stöðugan kjarna starfsfólks sem er stækkandi en því miður munum við þurfa að sjá á eftir nokkuð mörgum í haust, sumum þó bara tímabundið. Þrír munu fara í fæðingarorlof (en við fáum tvo aftur úr fæðingarorlofi), tveir munu flytja erlendis og svo ætla þrír starfsmenn að leita á önnur mið. Næsta haust verða sjö starfsmenn í kennaranámi meðfram starfi og er það mikil gæfa fyrir leikskólann þó það auki einnig á álag. Þrír verða í grunnnámi (B.Ed.) og fjórir í mastersnámi (M.Ed.).

Ýmislegt hefur verið brallað þetta árið. Elstu börnin fóru á námskeið hjá Myndlistarskólanum í Reykjavík, við tókum þátt í Barnamenningarhátíð með því að setja upp sýningu í Borgarbókasafninu og svo hefur leikur og gleði einkennt starfið.

Í starfsáætluninni í fyrra sagði ég að við hefðum öll lært og vaxið svo mikið og það er algjörlega tilefni til þess að endurtaka það í þessari starfsáætlun. Við nýttum starfsdagana okkar vel en einblíndum á okkar eigin fagmennsku í stað þess að fá utanaðkomandi fræðsluerindi þetta árið. Við tókum á móti fjölmörgum hópnum til að kynna starfið í leikskólanum, bæði hópar hérlendis og erlendis frá. Við vorum líka dugleg að kynna starfið út á við t.d. fóru þrír starfsmann frá okkur á ráðstefnu í Torino á Ítalíu sem heitir *Beyond Inclusion* og kynntu rannsókn sem unnin hafði verið í leikskólanum og var hluti af doktorsverkefni eins kennarans okkar. Við tókum virkan þátt í Menntastefnumótinu, kynningarmyndband frá okkur var sýnt auk þess buðum við upp



á tvær málstofur um starfið okkar. Við höfum einnig tekið mjög virkan þátt í þróunarverkefninu *Réttindi barna á Íslandi* sem er samstarfsverkefni 5 skóla, UNICEF og Menntavísindasviðs um innleiðingu Barnasáttmálans í daglegt starf. Virkilega skemmtilegt verkefni sem hefur svo sannarlega haft mikil áhrif á starfið okkar í leikskólanum. Við tókum við viðurkenningu sem Réttindaleikskóli á sumarhátíðinni í júní og var það táknrænt fyrir þann vöxt sem hefur einkennt árið.

Okkur varð nokkuð ágengt með vinnslu skólanámskrár í vetur en því miður náðum við ekki að klára hana fyrir 2 ára afmælið okkar eins og vonir stóðu til. Djúpar og nærandi samræður hafa einkennt vinnuna að skólanámskránni og er tilhlökkununarefni að vinna áfram að gerð hennar. Við vonumst til að geta klárað þá vinnu fyrir 3 ára afmælið og stefnum við á stórt útgáfu- og afmælispertý!

Vonandi næst líka að opna efnisveituna og sköpunarsmiðjuna í geymslunum okkar, en það hefur frestast um tvö ár. En fyrir það verkefni fengum við styrk frá Sprotasjóði og miðar það að því að safna saman ýmsum efniviði sem til fellur hjá heimilum og fyrirtækjum í efnisveitu sem leikskólar og jafnvel grunnskólar og frístund geta leitað í. Markmið verkefnisins er einnig að vinna með sköpun og tækni með yngstu börnunum í samstarfi við Mixtúru, sem er sköpunar- og upplýsingatækniver SFS og Háskóla Íslands. Spennandi tímar framundan!

Þegar ég hugsa til baka þá sé ég hvað við höfum vaxið mikið sem hópur og lært meira og meira með hverju skrefi. Ég er svo stolt af því sem við höfum áorkað saman. Mig langar að lokum að endurtaka lokaorðin frá starfsáætluninni í fyrra:

Ég óska þess af öllu hjarta að Ævintýraborgin okkar muni halda áfram að dafna á komandi árum.

Kristín Petrína Pétursdóttir

Leikskólastjóri



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Hugmyndafræði	Metið á stjórnenda-fundi að vori.	Stjórnendur	Það var haldinn kynningarfundur að hausti rafrænt. Gekk vel. Þátttaka foreldra í gerð námskrár hefði mátt vera markvissari.
Námskrá	Metið að mestu leyti á starfsdögum	Allt starfsfólk fór yfir hvern kafla. Reynt var að fá álit foreldra en gekk ekki vel.	Almenn ánægja með það sem er komið í námskrána. Þurfum að klára námskrá á næsta skólaári.
Réttindi barna á Íslandi Barnasáttmála-verkefnið	Matið fór fram á deildar-fundum og stjórnenda-fundum	Starfsfólk og stjórnendur	Unnið var að því að koma á fót hlaðborði og börn valdefld í tengslum við matarfímann. Markmiði náð. Tókum ekki fyrir hópastarf þetta árið.
Samskiptasáttmáli	Metið af stjórnendum	Stjórnendur	Það var farið í hópavinnu og gerður grunnur að samskiptasáttmála. Það sem er eftir er að fara meira yfir niðurstöður fundarins og setja sáttmálann upp og búa til plaggat. Klárur á næsta starfsári.
Sköpunarsmiðja	Ekki metið	Enginn	Ekki var hægt að framkvæma þetta vegna utanaðkomandi aðstæðna. Fengum frest hjá Sprotasjóði. Verkefnið verður unnið næsta skólaár.



Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Stofnun ársins	Spurninga-könnun til starfsfólks	Starfsfólk	<p>Heildarmat var 4,00 sem telst frekar góð einkunn en margt sem kom ekki vel út má tengja við framkvæmdir í garðinum s.s. öryggi og loftgæði.</p> <p>Spurningar um launakjör fengu lægstu einkunn frá okkur í þessari könnun.</p> <p>Lýsing á vinnustað fékk ekki góða einkunn og þarfnast úrbóta sem og nokkrir þættir sem tengjast leiðbeiningum í starfi.</p>



Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hvernig og hvenær metið?	Viðmið um árangur
Stjórnun/Ytra mat				
Vellíðan -Leiðsögn/fræðsla -Lýsing	Að finna leiðir til að auka vellíðan í starfinu út frá þessum þáttum.	Hópavinna á starfsdegi til að fá hugmyndir um hvað hægt sé að prófa/gera.	Metið í starfsmanna-könnun og á starfsdegi eftir að aðgerðir hafa verið innleiddar.	Að við höfum hækkað okkur í þáttunum: Vinnuskilyrði, sjálfstæði í starfi og ánægja og stolt.
	-Skipulag Hefst: Hausti 2024 Lokið: Vor 2025 Ábyrgðaraðilar: Stjórnendur			
Uppeldis- og menntastarf				
Réttindi barna á Íslandi Barnasáttmála-verkefnið	Að halda áfram að skoða starfið okkar út frá réttindum og valdeflingu barna	Að skoða útiveruna hjá okkur. Að auka þekkingu barna á Barnasáttmálanum.	Metið einu sinni í mánuði á stjórnenda-fundum og á starfsdegi af öllum.	Að við höfum náð að skoða útiveruna og gera breytingar, að það komi fram í stöðumati að þekking barnanna á sáttmálanum hafi aukist. Aðgerðaráætlun verður gerð í haust.
	Hefst: Hausti 2024 Lokið: Vor 2025 Ábyrgðaraðili: Allir starfsmenn			
Menntastefna Samskipti og læsi	Að greina stöðu málörvunar og söng- og sögustunda. Búa til ítarefni sem hægt er að nýta í söng- og sögustundum.	Að greina stöðu málörvunar í leikskólanum. Búa til bókakassa og söngkassa með ítarefni s.s. búningar, brúður o.fl.	Farið yfir stöðu málörvunar á stjórnenda-fundi í júní. Gerð aðgerða-áætlun. Metið í des. af starfsfólki.	Að búið sé að gera ítarefni fyrir að minnsta kosti 5 bækur og 10 lög. Að hver deild nýti bækur og sönglög með ítarefni á reglubundinn hátt í starfinu.
	Hefst: September 2024 Lokið: Lýkur í maí/júní 2025 Ábyrgð: Stjórnendur			



Sköpunarsmiðja	Að búa til sköpunar-smiðju og efnisveitu. Að finna leiðir til að efla sköpun og tækni með yngstu börnunum í samstarfi við Mixtúru og Hí.	Fá samþykktar teikningar af geymslunum og taka þær í gegn. Fá inn fræðslu um sköpun og tækni Halda reglulegar vinnustofur.	Rýnihópum foreldra, barna og kennara.	Að við höfum náð að opna sköpunarsmiðjuna og hún komin í fulla notkun.
	Hefst: Júní 2024 Lokið: Desember 2024 Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri			
Mannauður/ Leikskólabragur				
Samskiptasáttmáli	Klára samskipta-sáttmála og plaggat.	Vinna úr því sem kom fram í hópavinnu á starfsdegi og búa til sáttmála.	Búa til plaggat og hafa það sýnilegt.	Viðmiðið er að búið sé að klára samskipta-sáttmála og plaggat.
	Hefst: Á starfsdegi að hausti Lokið: Að vori. Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri			
Innra mat				
Námskrá	Að halda áfram að búa til námskrá leikskólans	Unnið að því á starfsdögum með öllu starfsfólki yfir árið og á fagfundum innan og utan vinnutíma.	Á starfs-dögum, eftir að fag-hópurinn hefur mótað kaflann. Foreldrum boðið að koma með ábendingar.	Að almenn ánægja sé með áherslur í námskrá og þær endurspegli áherslur okkar í starfinu.
	Hefst: Á starfsdegi í ágúst Lokið: Fyrir 1.mars 2025 (á þriggja ára afmælinu okkar) Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri			



3 Innra mat deilda

Innra mat – Fjara

Fjara opnaði aftur deildina í desember 2023 með sjö börn alls. Í mars bættist við áttunda barnið og að lokum í maí bættust við fimm börn og þá voru alls þrettán börn á deildinni. Af þessum þrettán eru fjögur sem eiga eitt foreldri sem hefur annað móðurmál en íslensku og tvö börn þar sem báðir foreldrar eiga annað móðurmál en íslensku. Á deildinni eru tólf börn fædd árið 2022 og eitt barn fætt 2023. Með tilkomu nýrra barna á deildina breyttist hvíldin og var þörf fyrir sum börn að sofna fyrir en önnur ásamt því að sum voru að taka hádegislúrin sinn í kerru. Það var áskorun til að byrja með en eftir rúman mánuði frá aðlögun var starfsfólk deildarinnar komið með gott skipulag og búið að finna leið til þess að mæta ólíkum þörfum barnshópsins. Matartími yngstu barnanna hefur einnig verið um 10:45 og má ekki seinka þar sem að starfsfólk taldi það finna mikinn mun á líðan barnanna ef farið var of seint í hádegismatinn. Helsta áskorun deildarinnar þennan veturinn hefur verið klípu, klór og bit tímabil sem er enn í gangi og er starfsfólk enn að finna farsælustu leiðina til þess að leysa þær stundir þegar þetta á sér stað sem mest.

Innra mat – Tjörn

Í byrjun haustannar 2023 færðust mörg börn af Tjörn yfir á eldri deild sem skapaði pláss fyrir ný börn að byrja í aðlögun. Við fengum inn nokkur tveggja ára börn sem höfðu flest ekki verið í vistun neins staðar áður og líka nokkur eins árs börn svo barnahópurinn var á breiðu aldursbili. Það var áskorun að vera með svona ung börn á mismunandi aldri og starfsfólkið þurfti að finna lausnir á til dæmis hvíldartímum þar sem yngri börnin þurftu að fara fyrir í hvíld og þess háttar. Um miðjan desember færðust aftur nokkur börn frá Tjörn yfir á eldri deild, eins árs börnin færðust á deildina við hliðina á og ný börn voru tekin inn í staðinn. Desember aðlögunin hefði mátt fara fram í janúar vegna þess að það er mikið um frídaga í desember sem þýddi það að börnin voru í aðlögun langt fram í janúar hvort eð var. Eftir þá aðlögun voru öll börnin á sama aldri sem einfaldaði dagsskipulagið.

Í lok vorannar 2024 taldi barnahópurinn 13 börn. 10 af þeim börnum komu af heimili þar sem báðir foreldrar töluðu íslensku, 1 barn átti eitt íslensku mælandi foreldri og 2 börn komu af heimili þar sem engin íslenska var töluð.



Starfsmannahópurinn á Tjörn hefur verið þokkalega stöðugur síðastliðið árið og þá aðallega þrír starfsmenn. Einn starfsmaður færðist um deild þegar eins árs börnin fóru og annar starfsmaður hefur verið í veikindaleyfi frá því fyrir páska og verið mikið fjarverandi.

Við vinnum mikið með flæði á deildinni og einbeitum okkur að því að hlusta á áhuga barnanna hverju sinni. Þá tókum við stöðuna á föstudögum og ræðum á hverju okkur finnst börnin hafa verið að sýna áhuga undanfarið og miðum næstu viku við það. Þetta er þá í raun skipulagt flæði þar sem börnin hafa bein áhrif á dagana sína. Það eru nokkrir fastir punktar eins og litla söngstundin okkar eftir morgunmat. Hún fangar athygli og áhuga flestra barnanna iðulega. Þá hafa starfsmenn valið 4 lög til að syngja í hverjum mánuði, 2 þeirra eru auðveld og 2 meira krefjandi. Auðveldari lögin eru oftast með „tákn með tali“ sem hjálpar með málþroska. Hin meira krefjandi lögin hjálpa líka við málþroska og auka orðaforða. Söngstundin var gerð að föstum lið á deildinni í ársbyrjun 2022 og árangur hennar var fljótt sjáanlegur.

Við leggjum mikið upp úr sjálfstæði barna og réttindi þeirra. Sú vinna er endalaus og það sem við reynum að gera til að ýta undir það er að leyfa börnunum að taka ákvarðanir fyrir sig sjálf. Hádegismaturinn er stór stund í degi hvers barns og með því að einbeita okkur að því hvernig er hægt að nota hann til valdeflingar og lærdóms þá tókum við upp hlaðborð sem var snilldar lausn. Börnin ákveða sjálf hvað þau vilja og hversu mikið af því finna sitt magamál, þau velja sér sæti hvar sem er inni í matsal og æfa grófhreyfingar með því að skammta sér og ganga með súpudiskinn að sætinu sínu. Við höfum líka verið að leyfa þeim að velja sér útiföt sjálf og fá svo að hoppa aftur inn og endurklæða sig eftir veðri. Hvíldin á Tjörn hefur líka verið í ákveðnu flæði en börnunum er ekki ákveðin hvíldarstaður fyrir fram og án þeirra skoðanna heldur fá þau sjálf að velja hvar þau vilja hvílast.

Föstudagsbréfið sem deildin sendir foreldrum í lok hverrar viku, hefur komið á föstum lið í samtali starfsmanna á deildinni en þá tölum við öll saman um liðna viku, hvað var gert, hvað þarf að bæta og hvaða árangur og ávinning sáum við þegar þetta eða hitt var gert. Þessi litli rýnisfundur okkar styrkir og skýrir starfið svo liðin vika fær meira form og leysist ekki bara út í amstri dagsins.

Innra mat – Laut

Haustið 2023 tók nýr deildarstjóri við Laut (sem hafði verið starfsmaður þar áður) og þrír nýir starfsmenn byrjuðu á deildinni. Um veturinn fór svo einn starfsmaður í



fæðingarorlof og annar kom inn. Börnin eru öll fædd árið 2021. Fimm börn á deildinni eru tvítyngd en hjá þremur þeirra á annað foreldrið íslensku sem móðurmál. Starfið er búið að þróast mikið þetta árið og hefur verið prófað ýmislegt. Það voru þemadagar (litirnir), bangsinn Rasmus sendur heim, farið í marga göngutúra, unnið allskonar skapandi starf og leikið daginn út og inn. Prófuð var hópaskipting í vetur og gekk það vel. Verkefnið Réttindi barna á Íslandi var rauði þráðurinn í gegnum starfið og var unnið markvisst að því að efla réttindi og val barnanna. Þau eru t.d. farin að velja sjálf hvar þau sofa í hvíld, gera allt sjálf í matsalnum og hafa mikil áhrif í daglegu starfi. Veikindi starfsfólk setti svólfítt svip á starfið. Í lok skólaársins tók svo nýr deildarstjóri við deildinni tímabundið þar sem hinn ákvað að færa sig um set.

Innra mat – Mói

Á deildinni voru 15 börn sem komu inn á deildina í þremur hópum. Öll börn eru fædd árið 2021. Tvö barnanna okkar höfðu annað móðurmál en íslensku og annað þeirra átti eitt íslenskt foreldri og annað foreldri af erlendum uppruna.

Litlar breytingar urðu á starfsfólki sem starfaði á deildinni en við vorum með þrjá starfsmenn sem voru stöðugt hluti af deildinni allt árið. Það stuðlaði að miklu samræmi og stöðugleika í starfi deildarinnar.

Deildin okkar reyndi að vinna eins mikið og hægt var í anda Reggio Emilia, á sama tíma og hún styður réttindi og hæfileika barna. Við gerðum mikið af athöfnum eins og að leira, sulla, perla, pinna og mála allt árið. Unnið var að því að styðja við hreyfiproska barnanna með því að leggja áherslu á að fara út einu sinni á dag og með starfsemi eins og þautabraut. Einnig var unnið markvisst að því að gefa börnunum val með tilliti til koppabjálfunar, hvíldartíma og matartíma.

Innra mat – Esja

Esja var opnuð 28. Ágúst 2023, áður var Leikskólinn Grandaborg að nýta húsnæðið. Frá upphafi voru 5 starfsmenn og 20 börn fædd á milli 2018-2021 hjá okkur, sem var samanblanda af börnum frá Móa og Laut. Deildarstjóri frá Móa fylgdi sínum barnahóp yfir á Esju.

Haustið 2023 átti mikil starfsmannavelta sér stað og til viðbótar var margt starfsfólk í hlutastarfi sem skapaði óstöðugleika innan deildarinnar. Hins vegar eftir áramót byrjuðu tveir nýir starfsmenn og hafa ástæður nú lagast. Í janúar 2024 tókum við inn 5 ný börn fædd á milli 2018-2020 og varð fá barnafjöldinn orðin 25.



Mikil fjölmennung á sér stað á Esju og eru megnið af börnunum fjöltyngd (12/25), sem bíður upp á margskonar áskoranir jafnt og lærdómstækifæri. Vitandi það höfum við lagt mikla áherslu á daglegan bóklestur, „Gefðu 10“ og að syngja saman í Samverustund á hverjum degi.

Í Janúar 2024 byrjuð við að bjóða upp á hlaðborð í öllum matartímum, þar sem börnin skammta sér sjálf, velja hvar þau sitja, og ganga frá á eftir sér. Að vera með hlaðborð hefur aukið sjálfstæði og sjálfstrú barnanna, og til viðbótar minnkað bæði hávaða í matartímum og matarsóun.

Við höldum samverustund á hverjum einasta degi fyrir utan á Föstudögum þegar allur leikskólinn hittist í Söngstund í salnum. Í Samverustund er oftast sungið, lesið bók eða loðtöflusaga, og svo er alltaf í boði að hvert og eitt barn fær að segja frá. Svo ef eitthvað þarf að ræða sem varðar börnin eru haldnir Barnafundir, til dæmis ef við þurfum að ákveða hvar við ætlum að fara í vettvangsferð, hvað verður í matinn, eða hvaða lög við ætlum að æfa í þessari viku o.s.v.frv., til þess að ýta undir ákvörðunartöku barnanna í daglegu starfi.

Annars erum við að vinna mikið með flæði, þar sem á milli 9:30-11:00 og 12:30-14:00 er annað hvort útivera, hópastarf eða frjáls leikur. Við erum ekki með skipulagt hópastarf, heldur frekar á þessum tíma dags fylgjum við áhuga barnanna og förum í skapandi verkefni eða rannsóknir, jóga, tónlist og fleira. Við höfum verið að halda rólega stund strax eftir hádegismat fyrir þau börn sem sofa ekki í leikskólanum. Til að byrja með svaf rúmlega helmingur af börnunum haustið 2023, en smám saman hafa þau hætt að sofa og fært sig yfir í það sem við köllum Rólegstund. Í Rólegstund drögum við fyrir og dimmum ljósinn, leggjum dýnur, kotta og teppi á gólfíð og hlustum á sögu sem börnin velja. Það er í boði að sitja eða liggja, skoða bók, eða tala látt saman. Þessi stund er ætluð til þess að skapa ró, og til að gefa þeim börnum sem sofa ekki tækifæri til þess að hvíla sig og slaka í hálf tíma á hverjum degi.



4 Umbótaáætlun fyrir allar deildir

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hvernig metið?	Viðmið um árangur
Skráningar	Gera skráningar markvissari. Samræma skráningar á milli deilda.	Búa til sniðmát fyrir skráningar. Listi yfir skráningar sem eiga að vera í ferilmöppunni.	Farið yfir ferilmöppur í janúar og aftur að vori.	Að skráningar séu orðnar samræmdar og fleiri farnir að skrá.
	Hefst: Haustið 2024 Lokið: Vorið 2025 Ábyrgðaraðili: Deildarstjórar			
Skipulag	Að nýta rýmið betur. Gefa börnum meira rými í litlum hópum.	Að hluti hópsins sé inni og hluti úti.	Fara yfir á stjórnenda- og deildar- fundum tvisvar á önn.	Að hluti hóps sé inni og hluti úti a.m.k. þrjá daga í viku.
	Hefst: Haustið 2024 Lokið: Vorið 2025 Ábyrgðaraðili: Deildarstjórar			



5 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

Skipulagning sérkennslu	<p>Sérkennslan er skipulögð með það að leiðarljósi að öll börn séu hluti af hópnum og að þau taki þátt í leik og starfi eins og hægt er. Um áramót breyttust forsendur vegna fjárveitinga hjá Reykjavíkurborg og meiri áhersla lögð á snemmtæka íhlutun inn á deildum. Við þær breytingar misstum við fjármagn vegna barna sem höfðu áður fengið úthlutun úr öðrum flokki. Aðeins eitt barn er með fjármagn frá áramótum 2024. Hvert barn tilheyrir ákveðinni deild og þar fer fram margvísleg íhlutun. Stuðningshlutverkið er ólíkt á milli deilda og eftir aldri og þroska barnanna. Sem dæmi má nefna aðstoð við daglegar athafnir eins og að borða, klæða sig og þvo sér, aðstoð við leik og félagsleg samskipti, málörvun í gegnum leik og söng, þjálfun grófhreyfinga og margt fleira. Sum barnanna hafa fengið vinnustundir utan deildar til að æfa nýja færni á markvissan hátt, alltaf með það að markmiði að yfirfæra færni í daglegar aðstæður. Skráningu var ábótavant hjá okkur í vetur og í raun lífið til af þeim nema skráning á markmiðum í einstaklingsnámskrá og fundargerðir eftir teymisfundum. Við lögðum áherslu á gott samstarf við foreldra þeirra barna sem fengu stuðning og höfðum teymisfundum reglulega með nokkurra vikna millibili. Við höfum verið í góðu samstarfi við Ráðgjafar- og greiningarstöð og einnig fengið góðan stuðning frá Vesturmiðstöð. Það má þó færa til bókar að vegna mikilla veikinda ásamt afleysingum vegna styttingar og undirbúnings hefur bitnað mikið á sérkennslu og sértækrar íhlutunar.</p>
Hvaða matsgögn voru notuð?	<p>Upplýsingar frá foreldrum og teymi barnsins er lagt til grundvallar í öllu mati. Við söfnum upplýsingum til dæmis um áhugasvið barnsins, styrkleika og þá færni sem foreldrum þykir mikilvægt að efla og hefur komið fram á fundum. Auk þess notum við formlegri matstæki svo sem AEPS, EFI-2, HLJÓM-2 og TRAS.</p>
Hvaða námsefni var notað?	<p>Það fór mikill tími í að útbúa og finna til ýmis námsgögn þar sem leikskólinn er nýr. Við höfum notað efnið Orðaleik við gerð námsefnis ásamt myndum af Tákn með tali. Eitthvað er til af aðkeyptum efnivið til sérkennslu, t.d. orðaforðabingó og annað, en það efni hefur nýst okkur minna. Ekki hefur</p>



	<p>verið nógu markvist unnið með myndrænt dagskipulag og má endurskoða það vel á öllum deildum. Öpp eins og Lærum og leikum með hjóðin og Orðgull hafa verið notuð markviss með börnum sem þarfnast meiri málörvunar með. Það hafa verið töluverðar breytingar í barnahópnum sem hafa verið með meiri stuðning og hefur verið passað vel upp á að þeim fylgi gögn og vandað séu skil á milli leikskóla eins og ný farsælfarlög kveða á um. Allir leikskólar eiga að starfa með lausnateymi frá og með hausti 2024. Í teymi er sérkennslustjóri, deildarstórar og stjórnendur. Fylgja þarf eftir með fundum og fara reglulega yfir mál og skoða hvernig gengur og meta framhaldið.</p>
--	---

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hvernig metið?	Viðmið um árangur
Skráningar	<p>Halda skráningu um stuðning og þjálfun. Hafa einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem fá stuðning. Gera allan skólann myndrænni, dagskipulag t.d. og fataklefa. Einnig má merkja allt og hafa ritmál meira sýnilegt.</p>	<p>Setja upp markmið/áætlun og skráningarblöð og hafa á aðgengilegum stað fyrir öll börn sem fá stuðning. Festa í dagskrá reglulegt samráð stuðningsaðila og sérkennslu-stjóra til að fara yfir skráningar. Meira samræmi á milli deilda í með myndrænt efni og dagskipulag, held að allar deildar hafi eins.</p>	<p>Fara yfir skráningar fyrir teymisfundum og meta hvernig hefur gengið að skrá undanfarnar vikur. Fundir eru vanalega á 5-8 vikna fresti. Fundir reglulega.</p>	<p>Að það séu fullnægjandi skráningar til yfir þá þjálfun og stuðning sem börnin fá.</p>
	<p>Hefst: Hausti 2023 Lokið: Vor 2024 Ábyrgðaraðili: Sérkennslustjóri</p>			



6 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið var nýtt sem hluti af stöðu sérkennslustjóra.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Unnið er markviss með orðaforða í öllum athöfnum dagsins með því að leggja orð á allt, vera með sjónrænt efni og nota Tákn með tali. Skipulagið er mismunandi milli deilda en áhersla er lögð á lestur bóka, söng, tónlist og samskipti í leik. Allar deildir hafa tekið „gefðu 10“ á ákveðnum tímabilum.
Er markvissst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Mætti vera markvissari vinna á þessu sviði, sérstaklega með eldri börn sem hafa verið í íslensku málumhverfi í nokkurn tíma. Les- og samverustundir hafa mest farið í að auka við grunnorðaforða en það mætti setja markvissari áætlun um að kenna dýpri orðaforða og flóknara mál.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Það hefur ekki verið gert á markvissan hátt í vetur. Höfum rætt framfarir óformlega. Þessi börn hafa ekki verið með einstaklingsáætlanir. Til eru matslistar sem búnir voru til út frá Hæfnirömmum í íslensku fyrir fjöltyngd börn en þeir eru ekki enn komnir í notkun.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Unnið er með alla þessa þætti í leik og starfi gegnum daginn en gott væri að setja upp markvissa áætlun um að sinna og fylgjast með þessum færniþáttum sérstaklega hjá fjöltyngdum börnum.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Mat, áætlanagerð og skráning	Það þarf að meta og fylgjast með framförum í íslensku hjá fjöltyngdum börnum	Taka stöðumat reglulega, fylla úr Hæfniramma-listana og gera áætlun í	Fara yfir matslista og skráningar tvisvar sinnum á önn. Fá foreldra inn í viðtal tvisvar á önn, með túlk ef þarf. Ræða	Viðtöl við foreldra um þeirra upplifun og fá að vita hvað þeim finnst mætti betur fara. Viðtöl við börnin sjálf eftir aldri og getu. Mat



		kjölfarið um hvernig má styðja við barnið áfram	málstefnu heimilis og samvinnu í málörvun á öllum tungumálum.	starfsfólks á stöðu og færni barnsins í leikskólanum. Miða við að Hæfnirammarnir séu útfylltir fyrir öll börn sem hafa enga íslensku í málumhverfi utan leikskólans.
	Hefst: Hausti 2023 Lokið: Vor 2024 Ábyrgðaraðili: Deildarstjórar, sérkennslustjóri og tengiliður fjölmenningar			



7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtölin voru í maí og byrjun júní. Virkilega gaman að setjast niður og ræða starfið. Það var gaman að sjá hvað fólkið okkar var búið að hugsa mikið um það sem þau gera og hvaða áhrif það hefur. Ýmsar hugmyndir og ábendingar komu fram í samtölunum.

Við nýttum starfsdagana okkar vel og var í boði fjölbreytt fræðsla og var fólk duglegt að sækja sér fræðslu yfir árið.

- Tveir tóku þátt í námskeiðum Menntafléttunnar. Það voru námskeiðið „Deildarstjóri sem faglegur leiðtogi“.
- Nokkrir starfsmenn fengu smáforritið Baratata sem kennir íslensku.
- Þrír starfsmenn voru í Mastersnámi sem leiðir til leyfisbréfs í vetur.
- Þríf fóru á ráðstefnu í Torino og héldu erindi þar.
- Menntastefnumót
 - Héldum tvo fyrirlestra – um réttindi barna og um hvernig umhverfið getur stutt við þroska barna samkvæmt kenningum Vygotsky.
 - Starfsfólk fór á ýmsa fyrirlestra á Menntastefnumótinu.
- Fyrirlestur hjá UNICEF fyrir alla starfsmenn
- Einn fór á námskeið um skapandi skrif.
- Einn fór í farsældarskólann.
- Einn var í Lærdómssamfélagi sérkennslustjóra
- Einn fór á fræðslu um málproskaröskun.
- Einn fór á Widgit Online: Sjónrænt skipulag í leikskóla

Fræðslan sem er áætluð fyrir næsta ár er:

- Skyndihjálparnámskeið
- Námskeið á degi leikskólans
- Námskeið um leikinn
- Námsferð



8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Enn er ekki komið neitt formlegt samstarf við grunnskóla og frístund. Þetta árið vorum við að heimsækja 4 skóla þar sem elstu börnin okkar voru að fara í 4 mismunandi skóla.

9 Foreldrasamvinna

Foreldrafélagið var formlega stofnað í nóvember 2023 og fór fyrsta innheimta fram eftir áramótin. Foreldrafélagið stóð fyrir páskaeggjaleit á laugardegi, gaf leikskólanum nuddtæki í jólagjöf og stóð einnig fyrir sumarhátíðinni sem sló í gegn. Á aðfundum foreldrafélagsins komu fram margar skemmtilegar hugmyndir sem stendur til að framkvæma á næsta starfsári.

Það voru tvö foreldrakaffi á árinu annað var um haustið og svo var foreldrum boðið að fagna með okkur á 2. ára afmælinu okkar og var boðið upp köku og Ævintýradjús.

Foreldrasamtöl voru á haustönn, mjög seint og ákveðið var að bjóða upp á foreldraviðtöl í júní/júlí ef fólk óskaði eftir því. Deildarstjórar hafa einnig verið mjög duglegir við að senda föstudagspóst til foreldra þar sem þeir upplýsa um hvað hefur verið að gerast í leikskólanum þá vikuna.

Foreldraráð skipa:

Alma Mjöll Ólafsdóttir
Sólveig Ásta Sigurðardóttir

Foreldrafélag skipa:

Emilía Helgadóttir
Helga Hrafnadóttir
Magnús Örn Agnesar



10 Skipulagsdagar

27. september (Menntakvika – sameiginlegur starfsdagur)

29.nóvember starfsdagur

6. febrúar (Dagur leikskólans - sameiginlegur starfsdagur)

30.apríl ½ starfsdagur

2.maí starfsdagur

5. maí (sameiginlegur starfsdagur)

8.júlí ½ starfsdagur

11 Fylgigögn

11.1 Fylgiskjal 1 - Leikskóladagatal

11.2 Fylgiskjal 2 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Samband Íslenskra
svéttaréttlaga

Leikskóladagatal 2024 - 2025

Nafn leikskóla:

Aevintýraborg við Eggertsgötu

AGUST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÁI	JUNÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S	1 L	1 L	1 L	1 L	1 Þ	1 F
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 S	2 S	2 S	2 M	2 M	2 S
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 M	3 M	3 M	3 Þ	3 F	3 Þ
4 S	4 M	4 M	4 M	4 M	4 Þ	4 Þ	4 Þ	4 F	4 F	4 M
5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 M	5 M	5 M	5 M	5 L	5 F
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	6 F	6 F	6 F	6 F	6 S	6 Þ
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 F	7 F	7 M	7 L
8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 L	8 L	8 L	8 Þ	8 F
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 M	9 F
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 M	10 M	10 M	10 F	10 F	10 Þ
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 Þ	11 Þ	11 Þ	11 F	11 S	11 M
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 S	12 M	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 F	13 F	13 F	13 S	13 Þ	13 F
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 F	14 F	14 F	14 M	14 M	14 L
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 L	15 L	15 L	15 S	15 Þ	15 S
16 F	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M	16 F	16 M
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 M	17 M	17 M	17 F	17 L	17 Þ
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 Þ	18 Þ	18 Þ	18 F	18 S	18 S
19 M	19 F	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 M	19 L	19 F	19 F
20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F	20 F	20 F	20 F	20 S	20 Þ	20 F
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 F	21 F	21 F	21 M	21 M	21 L
22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 L	22 Þ	22 F	22 S
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 S	23 S	23 M	23 F	23 M
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 Þ	24 M	24 M	24 F	24 L	24 Þ
25 S	25 M	25 F	25 L	25 M	25 L	25 Þ	25 Þ	25 F	25 S	25 M
26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 M	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F
27 Þ	27 F	27 M	27 L	27 F	27 F	27 F	27 F	27 S	27 Þ	27 F
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 L	29 L	29 Þ	29 F	29 S
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 S	30 S	30 M	30 F	30 M
31 L	31 F	31 M	31 F	31 Þ	31 F	31 M	31 M	31 Þ	31 L	31 M

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:
 Leikskólar eru lokadír sex daga á ári vegna skipulegsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í samræfni. Leikskólastjóri ákveður, að hófðu samráði við starfsmenn og viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskólum.

Fylgiskjal 2

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Alma Mjöll Ólafsdóttir
Sólveig Ásta Sigurðardóttir
Umsögn foreldraráðs:



Foreldraráð hefur tekið starfsáætlun Ævintýraborgar Eggertsgötu til greiningar og þakkar starfsmönnum fyrir góða lýsingu á starfi skólans. Nú hefur skólinn lokið öðru starfsári sínu og viljum við þakka starfsfólki fyrir að halda uppi metnaðarfullu starfi þrátt fyrir oft krefjandi aðstæður. Við Ævintýraborg starfa kennarar sem leggja alúð við að kenna börnunum að koma fram af virðingu við sig sjálf og aðra í umhverfi sínu og miðla fjölbreyttri og viðamikilli þekkingu sinni til barnanna.

Í greinargerð leikskólastjóra kemur fram að mikið álag hefur verið á starfsfólki og starfsmannavelta, veikindi, breytingar á fjárúthlutun hjá Reykjavíkurborg og undirmönnun skapað þeim krefjandi vinnuumhverfi. Við þær aðstæður hefur ekki náðst að halda utan um mikilvæg verkefni eins og þau er snúa að börnum með sérkennslu eða sértæka íhlutun, framför tvítyngdra barna í íslensku eins vel og hægt er. Mikilvægt er að skoða hvernig hægt er að skapa skipulagt vinnuumhverfi, styðja betur við starfsfólk og bæta þá þætti sem komu fram í spurningakönnun starfsfólks (vinnuöryggi, loftgæði og launakjör).

Í greinargerð kemur fram að mörg stór verkefni bíða starfsmanna á nýju skólaári og er námsskráin þar veigamikill þáttur. Mikilvægt er að finna leiðir til að fá foreldra til samtals um námsskrána og þannig auka þekkingu allra á starfi skólans og þeirri stefnu sem hann fylgir. Sem dæmi má nefna mikilvægi þess að stefna skólans hvað varðar skjánotkun og aðgengi barna að skjátækjum sé skýr en einnig að foreldrar geti kynnt sér verkefni tengd tungumálakennslu eins og t.d. "Gefðu 10" sem er miðlægt í tungumálakennslu skólans. Foreldrafélag skólans gæti mögulega verið einn liður í að tengja foreldra og verkefni skólans.

Í ár var foreldrafélag Ævintýraborgar stofnað en markmið þess er að stuðla að betri samskiptum milli foreldra og skólans. Á fundi félagsins lýstu foreldrar áhuga á að vita hvaða bækur væru lesnar og lög sungin í starfinu og gætu þær upplýsingar t.d. fylgt með föstudagspóstunum þannig að hægt sé að vinna með gögnin heima fyrir. Þá er mikilvægt að tilkynningar til foreldra séu ávallt bæði á íslensku og ensku, sérstaklega þegar skilaboð þurfa að berast hratt til forráðamanna. Þá væri gott að fá hugmyndir starfsfólks um hvernig má styrkja samstarf við foreldra þannig að öllum líði sem best.



Það er von okkar að starf Ævintýraborgar haldi áfram að styrkjast og að sá góði kennarahópur sem þar starfar geti unnið við góðar aðstæður að þeim markmiðum sem er lýst í greinargerðinni. Við vonum einnig að foreldrafélög, foreldrafundir og önnur verkefni geti stuðlað að góðu upplýsingaflæði þannig að börnin geti fengið alla þá þjónustu sem skólinn hefur upp á að bjóða.

//

Foreldraráð has reviewed the starfsáætlun of Ævintýraborg under consideration thanks the employees for a good description of the school's work. The school has now completed its second year and we would like to thank the staff for maintaining their ambitious work despite often challenging conditions.

In the kindergarten director's report, it is stated that there has been a lot of pressure on the staff and staff turnover, illness, changes in the allocation of funds by the City of Reykjavík and understaffing have created an often challenging work environment. In those circumstances, it has not been possible to keep track of important tasks such as those related to children with special education or in need of specific intervention, the improvement of bilingual children in Icelandic. It is important to look at how to create an organized work environment, better support the staff and improve the factors that raised concern in the staff questionnaire (work safety, air quality and wages).

In the report it is stated that many projects await the employees in the new school year, one of which is the school curriculum. It is important to find ways to involve parent participation in the curriculum and thus increase everyone's knowledge of the school's work and the policy it follows. For example, it is important that the school's policy regarding screen use and children's access to screen devices is clear, but also that parents can familiarize themselves with projects related to language teaching, such as "Give 10" which is central to the school's language teaching. The school's parents' association could possibly be one part of connecting parents and the school's project.

This year, the parents' association of Ævintýraborg was founded, the aim of which is to promote better communication between parents and the school. At the association's meeting, parents expressed an interest in knowing which books were

read and which songs were sung at the kindergarten and if that information could be included in the Friday mails so that families can work with the data at home. It is also important that notifications to parents are always in both Icelandic and English, especially when messages need to be sent quickly to guardians. Then it would be good to get the staff's ideas on how to strengthen cooperation with parents so that everyone feels as good as possible.

It is our hope that the work of Ævintýraborg will continue to be strengthened and that the good group of teachers who work there will be able to work in good conditions towards the goals described in the article. We also hope that parents' associations, parent meetings and other projects can contribute to a good flow of information so that the children can receive all the services that the school has to offer.

